

Þriðjudaginn 28. júlí 2020 var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 30/2020

HRFÍ

gegn

X

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 6.5.2020 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para golden retriever rakkann A við tíkina B án þess að fyrir lægi DNA niðurstaða rakkans lægi fyrir við pörun.

Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 14.5.2020 og gefinn 4 vikna andmæla frestur. Kærða svaraði efnislega. Siðanefnd ákvað að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn reglum um skráningu í ættbók HRFÍ.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gild vottorð fyrir pörun um heilsufarsskoðun.

IV. Niðurstaða

Kærða telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í reglugerð um ættbókarskráningu HRFÍ.

Kærða hlýtur áminningu fyrir ofangreint brot.

f.h. siðanefndar

Klara Símonardóttir

Anna D. Hermannsdóttir

Ásta María Karlsdóttir